

**Ed.**

## **52. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Síðasti málsl. 3. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, ef Alþingi samþykkir fjárveitingu í því skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Ágreiningur hefur orðið um það, hvernig skilja beri ákvæði dýrtíðarlaganna um heimild til þess að lækka verð á landbúnaðarafurðum gegn framlagi úr ríkissjóði, hvort ríkisstjórnin hafi ótakmarkaða heimild til þess að verja fé í þessu skyni eða hvort samþykki Alþingis þurfi að koma til í hvert skipti. Frumvarp þetta er flutt til þess að taka af öll tvímæli um skilning þessa ákvæðis laganna.